

**Stjórn byggðasamlags UTU - 102. fundur  
haldinn að Laugarvatni, miðvikudaginn 13. september 2023  
og hófst hann kl. 10:30**

**Fundinn sátu:**

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Árni Eiríksson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri

**Dagskrá:**

**1. Staðan eftir sumarfrí og verkefni framundan - 2309057**

Farið yfir stöðu embættisins eftir sumarfrí og hvaða verkefni eru framundan.

*Almenn ánægja var meðal starfsmanna að hafa haft lokað í 4 vikur í sumar. Í lok ágúst hætti Stella störfum hjá UTU og Rebekka Rut kom til starfa sem ritari hjá embættinu. Um mánaðamótin ágúst/sept. fór Ellisif í 80% starfshlutfall sem ritari. Búið er að gera milliuppgjör við aðildarsveitarfélögin vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa fyrir tímabilið 1. janúar til 1. júní.*

*Skrifstofustjóri fór yfir fund sem hann átti með forsvarsmönnum héraðsskjalasafnsins þar sem m.a. var rætt að UTU sækji formlega um að verða stafrænt embætti.*

*Skrifstofustjóri er að skoða málið í samstarfi við starfsmenn og út frá kerfum sem embættið er með. Einnig er verið að endurnýja málalykil og yfirfara eigindi hjá embættinu í samstarfi við héraðsskjalasafnið.*

*Samþykkt*

**2. Önnur mál - 2305069**

Stjórn UTU ákveður að aðalfundur fyrir árið 2022 verði haldinn 11. okt. kl. 11:00 í kjölfar skipulagsnefndarfundar. Skrifstofustjóra falið að finna fundarstað og boða til fundarins í samræmi við samþykktir byggðasamlagsins og í samráði við stjórnarformann.

*Samþykkt samhljóma*

*Samþykkt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30**

—

---

Helgi Kjartansson

---

Árni Eiríksson

---

Björn Kristinn Pálmarsson

---

Jón Bjarnason

---

Haraldur Þór Jónsson

---

Ísleifur Jónasson

## Undirritunarsíða

fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps  
Björn Kristinn Pálmarsson

fulltrúi Bláskógabyggðar  
Helgi Kjartansson

fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Haraldur Þór Jónsson

fulltrúi Hrunamannahrepps  
Jón Bjarnason

fulltrúi Ásahrepps  
Ísleifur Jónasson

fulltrúi Flóahrepps  
Árni Eiríksson